

Alþingi

Erindi nr. P 138/1280

komudagur 17. 3. 2010

Alþingi, efnahags- og skattanevnd
vt. Eiríkur Áki Eggertsson
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. mars 2010 02-2010030194
G-ums 01/10

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um olúgjald og kílómetragjald, nr. 87/2004, með síðari breytingum - 333. mál, þskj. 477.

Ríkisskattstjóri hefur þann 11. mars 2010 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um olúgjald og kílómetragjald, nr. 87/2004, með síðari breytingum.

Umrætt lagafrumvarp gerir ráð fyrir því að endurgreiða skuli 50% olúgjalds af olíu sem flutningsaðilar skv. i- og j-lið 3. gr. laga um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001, kaupa til flutnings. Samhljóða frumvörp voru lögð fram á 135. og 136. löggjafarþingum en náðu ekki fram að ganga.

Þann 3. desember 2007 lét ríkisskattstjóri í té svohljóðandi umsögn um samhljóða frumvarp:

„I-liður framangreindra laga nr. 73/2001, skilgreinir hvað falli undir farmflutninga í atvinnuskyni með eftirgreindum hætti: Flutningur á hvers kyns farmi gegn endurgjaldi þegar flutningsþjónusta er seld sérstaklega og flytjandi starfar við flutningsþjónustu. Sem dæmi má nefna farmflutningafyrirtæki og vörubifreiðastjóra sem starfa sem verktakar við flutning á farmi.

Í j-lið framangreindra laga nr. 73/2001, er fjallað um farmflutninga í eigin þágu og þeir skilgreindir svo: Flutningur farms þegar ekki er innheimt sérstakt gjald fyrir flutninginn. Sem dæmi má nefna flutning iðnfyrirtækis á eigin hráefni og/eða aðföngum með merktum bifreiðum, svo sem flutning á gosdrykkjum og flutning með mjólkurbifreiðum. Einnig flutningur verktaka sem starfa við annars konar verktöku en flutningsþjónustu þótt flutningurinn sé hluti af verki, svo sem verktaka við byggingar.


Í dag er að finna í lögumum endurgreiðsluheimild til handa þeim er hafa einkaleyfi til fólksflutninga skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi. Um er að ræða fáa aðila í sérhæfðum akstri, sem ríkisskattstjóri hefur reglubundið eftirlit með. Ekki verður séð að framkvæmdin verði jafn einföld og skilvirk ef endurgreiðsluheimild yrði jafn viðtæk og frumvarpið gerir ráð fyrir, en hér er m.a. gert ráð fyrir flutningi verktaka við byggingar sbr. j-lið 3. gr. laga 72/2001. Undir það geta fallið mjög margar bifreiðar mjög margra aðila. Viðkomandi aðilar þyrftu þannig að halda utan um það hve mikil olía er notuð vegna fyrrgreinds aksturs til að sýna fram á rétt til endurgreiðslu vegna olíunotkunar er félli þar undir. Verður ekki annað


séð en að eftirlit með slíku yrði mjög flókið og tímafrekt og má ætla að verði umrætt lagafrumvarp að veruleika þurfi embætti ríkisskattstjóra að fjölga um a.m.k. tvo starfsmenn til að sinna slíku eftirliti.

Sé grunnhugmyndin með frumvarpinu að lækka flutningskostnað þyngri bifreiða (10 tonn og yfir) væri mun einfaldara að undanþiggja slíkar bifreiðar kílómetragjaldi.“

Ríkisskattstjóri áréttar framangreint og telur ekki ástæðu til að gera frekari athugasemdir en þær sem þegar hafa komið fram um efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt


Skúli Egger Pórðarson


Guðrún J. Jónsdóttir